

GULL, REYKELSI OG MIRRA



Frásögnin af vitringunum frá Austurlöndum, sem er að finna í 2. kafla Matteusargudspjalls og hefur um aldir verið óaðskiljanlegur hluti jóla kristinna manna, er einhver sú allra þekktasta í Biblíunni, enda yfir henni einhver ljómi sem erfitt er að útskýra nákvæmlega. Enginn veit hvað þeir voru margir en oftast er þó talad um Kaspar, Melkíor og Baltasar, kannski af því að gjafirnar voru þrjár. En af hverju ætli þeir hafi gefið Jesúbarninu gull, reykelsi og myrru, en ekki eitthvað annað?

Gjafirnar

Það er oft minnst á gull í Biblíunni, eða næstum því 450 sinnum, og er engin málmtegund önnur nefnd þar jafn oft. Reykelsi kemur fyrir næstum því 150 sinnum, og myrru er getið 16 sinnum.

Um gull, sem Biblían notar 13 mismunandi ord yfir (á hebresku), er samt óþarfi að fjölyrða hér, nóg að geta þess, að lítið var um þennan málm frá náttúrunnar hendi í Gydingalandi sjálfu. Adallega kom hann þangað frá Arabíu, Armeníu, Egyptalandi og Persíu, og e.t.v. Indlandi, Núbíu og Sudur-Afríku. Í Gamla testamentinu eru m.a. nafngreindir stádirnar Havíla, Ófír, Parvaím, Reama, Saba, Tarsis og Úfas.

En það eru hinar gjafirnar tvær, sem fólk hefur mest velt fyrir sér, jafnt á fyrri öldum sem nú. Hvað er eiginlega þar á ferðinni?

Jú, reykelsi var og er ilmandi blanda af gúmmí og harpeis, sem frá náttúrunnar hendi „blæðir“ eða „grætur“ við ákvednar adstæður úr sumum blómstrandi trjám eða runnum í Austur-Afríku, Sádí-Arabíu og á Indlandi. Börkurinn er nefnilega tvískiptur. Ytra lagið er pappírskennt og í það koma auðveldlega sár ef við það er komið. Trén bregdast við með því að fylla í götin með kvodunni, sem þykkar við að komast í snertingu við andrúmsloftið. Droparnir, sem eru hvítir eða fölgulir að lit, renna úr ædum barkarins sem undir hinum liggur. Þeir hardna og dökkna með tímanum, verða gulgrænir eða brúnleitir. Að 3-4 mánuðum lidnum detta þeir flestir af og eru hirtir; adrir eru skornir eða höggðir burt. Síðan eru þeir yfirleitt malaðir í duft.

Hin eiginlega myrra verður til á sama hátt, en er unnin úr öðruvísi trjám eða runnum. „Tárin“ eru í fyrstu gul- eða brúnleit, en verða dökkraud eða jafnvel svört við hörðnunina.

Reykelsi og myrra voru notud á svipadan hátt á biblíulegum tíma, ýmist brennd, vegna hinnar ljúfu anganar, jafnt á heimilum sem í opinberum trúarlegum athöfnum, eða þá notud í lækningasmýsl, snyrtikrem og ilmvötn.

Pundið af gulli og reykelsi kostaði mjög svipad á 1. öld e.Kr., jafnvirdi um 45.000 íslenskra króna, en myrra var 6-7 sinnum dýrari.





Táknfræðin

Einfalda svarid við því, hvers vegna gestirnir úr austri voru með einmitt þetta í farteskinu, en ekki eitthvað annað, er, að þetta var lúxusvara, í flokki með demöntum, kryddjurtum og öðru af þeim toga. Bara fágætari og því eftirsóknarverdari. En hér býr meira undir, flóknari útgáfan er sú, að þetta voru edlilegar og venjubundnar gjafir undirokadra þjóða til herrapjódanna á þeim tíma, og að sjálfsögðu vegna þess, sem áður var nefnt; það var ekkert betra eða fínna til. Að vitringarnir skyldu koma með þetta að fótum lítills drengs í jötu hlaut því að merkja eitthvað stórt.

Semsagt: Hid bjarta gull var og er ædst málmanna, og þar af leidandi konungi sambodid, reykelsid stígur upp til himins, með sætri angan, og vísar til gudlegs ætternis barnsins, jafnframt því að benda á trésmidinn frá Nasaret sem lækni og græðara andlegra og líkamlegra sára, og myrran tengist þar við, en er líka til brúks við umbúnað hinna dánú og bendir þannig til krossins á Golgata.

En merking efnanna þriggja skaradist reyndar meira, því gullid var „eilíft“, þ.e. rydgaði ekki, og var einnig notað í meðul, og er enn. Á nútíma heldur það ennþá vinsældum sínum á alþjóðamarkaði, einkum sem gjaldmidill, en dregid hefur úr verðgildi reykelsis og myrru. Enn eru þau samt við lýði, þótt önnur hafi tekið við sumu hlutverki þeirra, eins og t.a.m. á svidi lækni-fræðinnar og þvíumlíkt, a.m.k. á Vesturlöndum. Og þó ekki alveg.

Sigurður Ægisson

